



**Alþingi**  
**Nefndasvið b.t. Kristjönu Benediktsdóttur**  
**Austurstræti 8 – 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 14.3.2016.

**Efni: Umsögn um Þingskjal 40 – 40. mál Tillaga til þingsályktunar um eflingu náms í mjólkurfræði.**

Þingsályktunin barst Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dagsett 10.3.2016.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði lýsa áhyggjum af breytingum sem hafa orðið á möguleikum einstaklinga til að sækja sér menntun í mjólkurfræði. Frá upphafi mjólkuriðnaðar á Íslandi hefur iðnaðurinn notið starfskrafta mjólkurfræðinga sem hafa aflað sér fagþekkingar í öflugum erlendum skólum. Sú þekking sem mjólkurfræðingar hafa flutt heim, er hornsteinn íslensk mjólkuriðnaðar.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hvetja til þess að þingsályktunin verði samþykkt og hvetja mennta- og menningarmálaráðherra til að leita samninga við erlenda skóla, og/eða ríki, sem bjóða öfluga menntun í mjólkurfræði.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði telja brýnt fyrir íslenskan mjólkuriðnað að einstaklingar komist til náms í mjólkuriðnaði sem fyrst og hvetja til þess að málið verði sett í forgang í ráðuneytinu.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf

  
Bjarni R. Brynjólfsson  
skrifstofustjóri SAM